




## 1. Stórfyrirtæki



H4.47

Fyrirtækið Stoð og styrkur er stór vinnustaður. Þar vinna yfir 100 manns í fjölbreyttum störfum. Starfsemin skiptist í framleiðslu, dreifingu, sölu, tækniþróun og hönnun auk hefðbundinna skrifstofustarfa. Fyrirtækið framleiðir hjálpartæki fyrir fatlaða og einnig gervifætur og gervihandleggi fyrir fólk sem hefur misst útlím.



### 1.1 Öryggi 1



H4.48

Tryggvi: Ósk! Komdu hingað aðeins.

Ósk: Já, hvað var það?

Tryggvi: Af hverju notar þú ekki heyrnarhlífar í vinnunni?

Ósk: Af því að mér finnst það óþægilegt. Mér finnst enginn hávaði hérna inni.

Tryggvi: Það er búið að mæla hávaðann og hann er yfir hættumörkum. Það á að nota heyrnarhlífar, það er öryggisatriði.

Ósk: Ókei, ég skal prófa. Hvar er þetta geymt? Er ekki útvarp í þeim?



### 1.2 Öryggi 2



H4.49

Andri: Sæll Jónas. Velkominn til starfa.

Jónas: Sæll. Takk fyrir.

Andri: Á þessu svæði búum við til gervifætur úr silikoni. Þú átt að vinna við vélina sem blandar efnin saman. Hitastigið er mjög viðkvæmt en það verður rosalega heitt. Það þarf að passa það mjög vel. Þú verður að vera í hlífðarfötum, með hlífðargleraugu og með þykka hanska.

Jónas: Til hvers er þessi takki?

Andri: Hann er til þess að stoppa vélina – ekki ýta á hann! Takkinn er öryggisatriði ef vélin ofhitnar og slekkur ekki á sér sjálf. Þá heyrir rosalegur hávaði og ljósið fyrir ofan blikkar. Þá áttu að snúa þessum lykli og ýta á takkann. Þá slekkur vélin á sér.

Jónas: Geturðu sýnt mér aftur hvað ég á að gera?



nafnorð	sögn	dæmi
framleiðsla	að framleiða	Toyota <b>framleiðir</b> bíla.
dreifing	að dreifa	Fyrirtækið <b>dreifði</b> auglýsingum um allan bæ.
sala	að selja	Sigrún <b>selur</b> töskur og fylgihluti á netinu.
þróun	að þróa	Lára <b>þróar</b> lyf fyrir lyfjafyrirtæki.
hönnun	að hanna	Magnús <b>hannar</b> föt úr silki og ull.

### 1.3 Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



þróun   hanna   selja   hönnun   kaupa   framleiða   dreifa



Íslensk \_\_\_\_\_ er vaxandi atvinnugrein. Margir vinna við að \_\_\_\_\_ föt, skartgrip og listmuni. Það er hægt að \_\_\_\_\_ þessar vörur í búðum og hönnuðir \_\_\_\_\_ þær oft líka sjálfir á netinu. Tækni \_\_\_\_\_ á mörgum sviðum er mjög ör. Fyrirtæki reyna að \_\_\_\_\_ vörum sínum sem víðast og markaðssetja þær um allan heim. Mörg alþjóðleg fyrirtæki \_\_\_\_\_ vörur sínar í löndum þar sem vinnuafli er ódýrt.

### 1.4 Spyrjið og svarið. Skrifaðu svarið eða spurninguna



1. Af hverju kallar Tryggvi á Ósk? \_\_\_\_\_.
2. \_\_\_\_\_? Af því að henni finnst ekki vera of mikill hávaði.
3. Um hvað spyr Ósk? \_\_\_\_\_.
4. Hvað \_\_\_\_\_? Hitastigið.
5. Hvað gerist ef vélin slekkur ekki á sér? \_\_\_\_\_.
6. \_\_\_\_\_? Hann á að snúa lyklinum og ýta á takkann.

## Yfir/undir

Hávaðinn er **yfir** hættumörkum. = Hávaðinn er of mikill, hann getur skemmt heyrnina.  
Þú fellur á prófinu ef þú ert **undir** fimm í einkunn. = Þú nærð ekki prófinu.

**Af hverju** ertu ekki með heyrnarhlífur?

**Af hverju** þarf að nota hárnét?

**Til hvers** er þessi vél/þetta tæki?

**Til hvers** eru launaviðtöl?

**Hvernig** nota ég vélina?

**Geturðu sýnt** mér/**kennt** mér á vélina?

**Viltu sýna** mér/**kenna** mér hvað ég á að gera?

**Af því að** ég vil það ekki!

**Af því að** annars getur komið hár í matinn!

**Til þess** að pakka vörunum í plast.

**Til þess** að ræða um launin og reyna að fá kauphækkun!

Bíddu, ég skal **sýna** þér það.

Auðvitað, þú gerir svona!

Nei, talaðu við Axel./Bíddu frekar Ingunni, hún kann það.

## 1.5 Vinnið tvö saman. Búið til samtal á vinnustað



---

---

---

---

---

---

---

---



## 2. Félagslífið

### 2.1 Úti að reykja



- Anna: Úff, skítakuldi!
- Daníel: Já, ógeðslega kalt alla vikuna. Kannski maður ætti bara að hætta að reykja?
- Anna og Halla: Hahahaha, þessi var góður!
- Daníel: Nei, í alvörunni. Vissuð þið að það er hægt að fá styrk hjá fyrirtækinu til að fara á námskeið til að hætta að reykja?
- Halla: Nei, er það? Frábært.
- Anna: Já, ég vissi það. Ég er að spá í það - búin að vera að hugsa um það í svona þrjú ár.
- Halla og Daníel: Hahahaha.
- Anna: Ég hætti samt örugglega áður en ég verð fertug!
- Daníel: Ég hætti þegar ég fæ íslenskan ríkisborgararétt.
- Halla: Já, hvernig gengur það? Þarftu ekki að fá fullt af vottorðum hjá mörgum stofnunum?
- Daníel: Jú, þetta er dálítið mikið vesen. Ég þarf líka að taka íslenskupróf. Ég vona að ég falli ekki!
- Anna: En ef þú fellur þá þarftu ekki að hætta að reykja!

að <b>falla</b> á prófi	Ég held að ég <b>falli</b> á prófinu! Hann <b>féll</b> á íslenskuprófinu.
að <b>falla</b> = að detta	Hún <b>féll</b> niður úr stiganum.
að <b>ná</b> prófi	Ég <b>næ</b> prófinu í næsta sinn! Hann <b>náði</b> prófinu.
að <b>ná</b> takmarki	Hún <b>náði</b> takmarkinu og hljóp maraþon.
að <b>ná</b> í einhvern	Við <b>náum</b> í barnið á leikskólann klukkan fjögur. Ég <b>náði</b> í hann í síma.



## Hvað segir Fríða frænka?

Það er hægt að sækja um íslenskan ríkisborgararétt hjá Innanríkisráðuneytinu (í Skuggasundi, miðbæ Reykjavíkur).

Umsóknarblað er á [www.innanrikisraduneyti.is](http://www.innanrikisraduneyti.is)

Skilyrðin eru mismunandi eftir stöðu fólks. Það er flókið ferli að sækja um ríkisborgararétt. Það þarf að fá mörg vottorð, t.d. fæðingarvottorð, sakavottorð, vottorð um búsetuleyfi, launaseðla, skattframtöl og margt fleira.

Það þarf líka að taka íslenskupróf hjá Námsmatsstofnun (upplýsingar [www.namsmat.is](http://www.namsmat.is)).



## 2.2 Árshátíð



H4.51-52

Hulda og Tomasz vinna saman í bókhaldsdeild fyrirtækisins. Þau eru líka í skemmtinefnd starfsmannafélagsins ásamt fimm öðrum. Árshátíð fyrirtækisins er eftir þrjár vikur og þau eru mjög upptekin við að undirbúa hana. Þau þurfa að vera á fundum daglega! Deildarstjórinn þeirra skilur það ekki alveg. En það þarf að skipuleggja svo margt t.d. staðsetninguna, matseðilinn, skemmtiatriði og margt fleira. Huldu og Tomasz finnst þau gera langmest af öllum í skemmtinefndinni.

Tomasz: Ég skil ekki af hverju Palli er ennþá að tala um þetta lambakjöt! Það voru flestir sem völdu gæsabringuna og það er ekki hægt að breyta því núna.

Hulda: Nei, hann langar bara ekki í gæs.

Tomasz: Hann er alltaf með eitthvað vesen og alltaf óánægður með eitthvað. Það er aldrei neitt nógu gott fyrir hann. Samt er hann alls ekki fullkominn sjálfur! Hann er óskipulagður og stundum er hann alveg óundirbúinn á fundum.

Hulda: Við skulum nú ekki baktala fólk Tomasz. Það er ekki rétt að gera það. Kannski líður honum eitthvað illa í einkalífinu. Það er mikilvægt að eiga góð samskipti við alla í vinnunni.

Tomasz: Já, það er rétt hjá þér. Hættum að tala illa um fólk og förum að tala um árshátíðina. Ég er farinn að hlakka til, en þú?

Hulda: Jú, það verður örugglega mikið fjör. Ég vona samt að Lilja og Gummi verði ekki jafn drukkin og í fyrra. Það var rosalegt!

**STÖÐ OG STYRKUR**

# Árshátíð

**DAGSKRÁ:**  
19:00 Fordrykkur  
19:30 Kvöldverður

**MATSEÐILL:**

**Forréttur:**  
Reyktur silungur  
og andakæfa með perlulauk

**Aðalréttur:**  
Gæsabringa  
með sætkartöflumauki,  
sveppum og berjasósu

**Eftirréttur:**  
Heit súkkulaðikaka  
með karamelluís





Skemmtiatriði  
Ball:

**HLJÓMSVEITIN STUÐBANDIÐ**  
heldur uppi stuðinu!

### 2.3 Hvað er villibráð? Settu orðin í réttan flokk



gæs	rækjur	súkkulaði	bláber	lax	kæfa	krabbi
kampavín	nautasteik	lúða	sætar kartöflur	önd	kúrbítur	búðingur
jarðarber	humar	hindber	karamella	rjómi	ostakaka	hreindýr
kalkúnn	silungur	hnetur	marsípan	ostrur	konfekt	vorlaukur
engifer	smjör	hvítlaukur	sjávarréttasúpa	líkjör	rauðvínssósa	lambalundir

Villibráð 	Sjávarfang 	Ávextir og grænmeti 	Sætindi 	Annað

## 2.4 Hópverkefni. Skipuleggið árshátíð.



Hvernig er draumamatseðillinn? Hvernig eru skemmtiatriðin?

	Dagskrá:	Matseðill:	
Hvar?	<hr/> <hr/> <hr/>	<hr/> <hr/> <hr/>	Hvenær?
Hverjir?	<hr/> <hr/> <hr/>	<hr/> <hr/> <hr/>	Hvernig?
Hvað?	<hr/> <hr/> <hr/>	<hr/> <hr/> <hr/>	Hvaða?

## 2.5 Berðu saman félagslíf á vinnustað á Íslandi og í þínu landi.



Hvað gerir samstarfsfólkið saman? Hvað er líkt? Hvað er ólíkt?

---

---

---

---

---

---

---

---



### Hvað segir Fríða frænka?

Á mörgum vinnustöðum er starfsmannafélag sem skipuleggur félagslíf í vinnunni, t.d. árshátíðir og óvissuferðir. Oft borga starfsmenn í starfsmannasjóð og peningarnir eru notaðir til að greiða niður skemmtanir og kaupa gjafir handa starfsfólki þegar það á stórafmæli.

### 3. Réttindi og skyldur

#### 3.1 Starfsmannaviðtal



H4.53

- Ingibjörg: Góðan daginn Halla, fáðu þér sæti. Má bjóða þér eitthvað að drekka?
- Halla: Góðan daginn. Nei, takk.
- Ingibjörg: Jæja, þú ert búin að vinna hjá okkur í þrjá mánuði, búin með reynslutímann. Hvernig líkar þér starfið?
- Halla: Bara mjög vel. Ég held að það gangi vel.
- Ingibjörg: Já, við erum ánægð með þig og ætlum að bjóða þér fastráðningu.
- Halla: Æðislegt.
- Ingibjörg: Mig langar að heyra hvernig þér líkar. Er eitthvað sem hefur komið þér á óvart í starfinu? Hvað er skemmtilegast?
- Halla: Mér líkar mjög vel. Það kom mér á óvart hvað pantanir koma frá mörgum löndum. Fyrirtækið selur vörurnar út um allan heim!
- Ingibjörg: Já, þess vegna er tungumálakunnátta mjög góður kostur. Hefur þú notað spænskukunnáttuna þína?
- Halla: Já svolítið. Þetta er sérhæfður orðaforði en ég held að ég sé alveg komin inn í hann núna. Mér finnst skemmtilegast að skipuleggja kynningar erlendis og taka þátt í hópavinnu. Ég er tilbúin að bera meiri ábyrgð.
- Ingibjörg: Það er gott að heyra. Það er mikilvægt að geta unnið í hópi en líka sjálfstætt. Er eitthvað sem þú vilt breyta?
- Halla: Já, kannski einu. Ég myndi gjarnan vilja byrja fyrr og hætta fyrr á miðvikudögum og föstudögum. Ég þarf að keyra tvíburastelpurnar mínar í gítartíma og fótbolta.
- Ingibjörg: Talaðu um það við deildarstjóran þinn. Það ætti ekki að vera vandamál held ég. Er það eitthvað fleira?
- Halla: Nei, ég held ekki. Nema kannski, mig langar til að hætta að reykja!



#### Hvað segir Fríða frænka?

Á flestum vinnustöðum eru starfsmannaviðtöl og launaviðtöl einu sinni á ári. Notaðu tækifærið og ræddu um starfið þitt og launakjörin við yfirmann þinn. Það er gott að undirbúa sig fyrst. Stéttarfélagið þitt getur gefið upplýsingar um réttindi þín og skyldur. Það eiga allir sem vinna að fá launaseðil. Á launaseðli eiga að koma fram upplýsingar um heildarlaun, skatt, persónuafslátt og orlof.



### 3.2 Verkefni: Vinnið tvö til þrjú saman.

#### Skoðið heimasíðu eins vinnustaðar á Íslandi og kynnið fyrir hinum í bekknum

Þið getið til dæmis sagt frá: Starfsemi fyrirtækisins, hvað eru margar deildir/svið innan fyrirtækisins? Eru laus störf í boði? Hvað vinna margir í fyrirtækinu?

#### Setningar til að hjálpa ykkur:

*Í þessu fyrirtæki er framleitt ...*

*Þetta er opinber stofnun sem sér um .../þar sem ...*

*Þetta er fyrirtæki sem sérhæfir sig í ...*

*Þetta er skóli/veitingastaður/líkamsræktarstöð/fiskvinnsla ...*

*Þar vinna ...*

*Þar eru ... deildir sem heita ...*



### 3.3 Uppsögn H4.54

Björg er trúnaðarmaður í fyrirtækinu. Hún veit að það þarf að segja nokkrum starfsmönnum upp um næstu mánaðarmót. Það er kreppa í samfélaginu og einhverjir verða að minnka við sig starfshlutfall og einhverjir verða að hætta. Hún kvíðir fyrir þegar starfsfólkið fær uppsagnarbréfið. Hún veit að allir munu spyrja hana um réttindi sín af því að hún er trúnaðarmaður. Hún er búin að fara á nokkur námskeið fyrir trúnaðarmenn og vonar að hún geti svarað spurningum fólks og leiðbeint því.

að segja upp	Ég <b>sagði upp</b> vinnunni í bakaríinu. Mér var <b>sagt upp</b> (störfum) í mars.
að reka	Hann var <b>rekinn</b> úr vinnunni.
að missa	Hún <b>missti</b> vinnuna á veitingastaðnum.
uppsögn-uppsagnir	Það voru margar <b>uppsagnir</b> hjá byggingaverktökum.
starfshlutfall	Ég var ráðin í 50% <b>starfshlutfall</b> .

### 3.4 Jafnrétti H4.55

Elísa vinnur í tæknideildinni. Henni hefur ekki liðið vel í vinnunni síðan hún kom aftur eftir barneignarfrí. Hún er óörugg og hefur lítið sjálfstraust. Henni finnst hún hvorki fá samskonar verkefni né sömu tækifæri og karlmennirnir í deildinni. Hún heldur að maður sem var að leysa hana af hafi fengið hærra kaup en hún fyrir sömu vinnu. Hún er alltaf að hugsa um þetta og getur ekki slakað á.

*Hvað getur Elísa gert?*

*Hvað getur yfirmaður Elísu gert?*



### 3.5 Áreitni



H4.56

Sigurjón er uppstökkur maður. Hann verður fljótt pirraður ef fólk skilur hann ekki strax. Hann öskrar stundum á fólk og skipar því að þegja, segir því að drífa sig að vinna og hætta þessu helvítis hangsi! Hann reynir líka stundum að vera fyndinn og gerir grín að fólki sem vinnur með honum. Hann meinar ekkert illt með þessu – „ég er bara svona“ hugsar hann sjálfur. Margir í vinnunni eru samt þreyttir á framkomu Sigurjóns. Sumir kvíða fyrir þegar þeir vita að hann er á vakt og hringja og segjast vera veikir.

*Hvernig eru samskiptin milli Sigurjóns og samstarfsfólksins?*

*Hvað á Sigurjón að gera?*

*Hvað á fólkið sem vinnur með Sigurjóni að gera?*

*Hvað á yfirmaður Sigurjóns að gera?*



#### Hvað segir Fríða frænka?

Á vinnustöðum eru oft trúnaðarmaður og öryggistrúnaðarmaður. Trúnaðarmaður er tengiliður milli starfsmanna og stéttarfélags og getur gefið upplýsingar um kjarasamninga, frí, yfirvinnu, jafnrétti, vaktavinnu, fæðingarorlof, uppsagnir og margt fleira. Öryggistrúnaðarmaður á að gæta að öryggismálum á vinnustað, t.d. hávaða, mengun og almennri vinnuáðstöðu. Það er líka hægt að tala við öryggistrúnaðarmann vegna vandamála tengdu áreitni, samstarfsörðugleikum eða einelti á vinnustaðnum.

### 3.6 Tölum saman!



- Hefur þú unnið í stóru fyrirtæki á Íslandi eða í heimalandi þínu?
- Eru samskipti á vinnustað ólík á Íslandi og í þínu landi?
- Geturðu nefnt dæmi um ólík samskipti?
- Nefndu dæmi um slæm samskipti
- Nefndu dæmi um góð samskipti
- Hvað er jákvætt (gott) í samskiptum fólks á Íslandi?
- Hvað finnst þér að mætti vera betra í samskiptum?
- Er jafnrétti á Íslandi?



### Þekkir þú geðorðin 10?



H4.57

- Hugsaðu jákvætt, það er léttara.
- Hlúðu að því sem þér þykir vænt um.
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir.
- Lærðu af mistökum þínum.
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lundina.
- Flæktu ekki líf þitt að óþörfu.
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig.
- Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup.
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína.
- Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast.

(tekið af [www.lydheilsustod.is](http://www.lydheilsustod.is) – geðorðin 10 eru til á 8 tungumálum)

## 4. Hvað kann ég?



### 4.1 Skrifaðu samtal milli Katrínar og Jóns



Katrín og Jón vinna saman. Katrín er yfirmaður Jóns og hann er í starfsmannaviðtali hjá henni. Jón er kvíðinn en veit að hann er duglegur starfsmaður. Katrín er ánægð með Jón.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

### 4.2 Tengdu rétt saman



1. Honda framleiðir \_\_\_\_\_ og öskrar stundum á fólk.
2. Til hvers notar þú hárnét? \_\_\_\_\_ bíla.
3. Sveinn er uppstökkur \_\_\_\_\_ vinnunni og nú er hann atvinnulaus.
4. Flæktu ekki líf þitt \_\_\_\_\_ stuð á árshátíðinni.
5. Gefstu ekki upp, \_\_\_\_\_ til að hætta að reykja.
6. Elísa er trúnaðarmaður \_\_\_\_\_ Til þess að hár fari ekki í matinn.
7. Daníel ætlar að fara á námskeið \_\_\_\_\_ innanríkisráðuneytinu.
8. Það verður örugglega mikið \_\_\_\_\_ og núna færðu fastráðningu.
9. Hreindýr og gæs eru \_\_\_\_\_ að óþörfu.
10. Reynslutíminn er búinn \_\_\_\_\_ og þarf oft tala um réttindi á vinnustað.
11. Þú sækir um ríkisborgararétt hjá \_\_\_\_\_ villibráð.
12. Honum var sagt upp \_\_\_\_\_ velgengni í lífinu er langhlaup.

## 5. Sjálfsmat – Petta kann ég!



### 1. Ég kann **orðin**

- |  |   |   |
|--|---|---|
| <input type="checkbox"/> að falla        | <input type="checkbox"/> kjarasamningur     | <input type="checkbox"/> starfsmannaviðtal          |
| <input type="checkbox"/> að ná           | <input type="checkbox"/> reynslutími        | <input type="checkbox"/> trúnaðarmaður              |
| <input type="checkbox"/> fastráðning     | <input type="checkbox"/> ríkisborgararéttur | <input type="checkbox"/> vinnuumhverfi              |
| <input type="checkbox"/> jafnrétti       | <input type="checkbox"/> að missa           | <input type="checkbox"/> öryggisatriði              |
| <input type="checkbox"/> að segja upp    | <input type="checkbox"/> sala – að selja    | <input type="checkbox"/> framleiðsla – að framleiða |
| <input type="checkbox"/> þróun – að þróa |   |   |

### 2. Ég kann **að spyrja**

- Til hvers** er þetta tæki/þessi vél?       **Hvernig nota** ég þetta tæki/þessa vél?
- Geturðu **kennt mér/sýnt mér** hvað ég á að gera?

### 3. Ég kann orð um **fínan mat**

- gæs     hreindýr     nautasteik     silungur     sósa     humar

### 4. Ég kann **að nefna** dæmi um

- góð samskipti     slæm samskipti

5. Æfðir þú þig í að tala?     Já, mikið     Já, svolítið     Nei, mjög lítið  
Hvernig gekk?     Vel     Sæmilega     Ekki vel

6. Æfðir þú þig í að skrifa?     Já, mikið     Já, svolítið     Nei, mjög lítið  
Hvernig gekk?     Vel     Sæmilega     Ekki vel

7. Æfðir þú lestur?     Já, mikið     Já, svolítið     Nei, mjög lítið  
Hvernig gekk?     Vel     Sæmilega     Ekki vel

8. Æfðir þú hlustun?     Já, mikið     Já, svolítið     Nei, mjög lítið  
Skildir þú allt?     Já, allt     Já, mikið     Nei, lítið

9. Notaðir þú orðabók?     Já, mikið     Já, svolítið     Nei, ekki neitt

10. Hvað **lærðir þú nýtt** í 7. kafla? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

11. Hvað ætlar þú **að nota**? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

12. Hvað þarftu **að læra betur**? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## Fleirtala - dæmi

kk – eintala	kk – fleirtala	dæmi í falli
bolli- <b>nn</b>	ollar- <b>nir</b>	Fyrirgefðu, ég braut <b>bollana</b> (þf).
fylgihlutur- <b>inn</b>	fylgihlutir- <b>nir</b>	Ég keypti fullt af <b>fylgihlutum</b> (þgf) á netinu.
peningur- <b>inn</b>	peningar- <b>nir</b>	Þau gáfu mér <b>peningana</b> (þf).
fótur- <b>inn</b>	fætur- <b>nir</b>	Hann er með verki í <b>fótunum</b> (þgf).
handleggur- <b>inn</b>	handleggir- <b>nir</b>	Réttu úr <b>handleggjunum</b> (þgf).
bíll- <b>inn</b>	bílar- <b>nir</b>	Hún seldi húsið auk <b>bíllanna</b> (ef).
kvk – eintala	kvk – fleirtala	dæmi í falli
vara- <b>n</b>	vörur- <b>nar</b>	Það var galli í <b>vörunum</b> (þgf).
auglýsing- <b>in</b>	auglýsingar- <b>nar</b>	Við skildum ekki <b>auglýsingarnar</b> (þf).
skemmtun- <b>in</b>	skemmtanir- <b>nar</b>	Þær dönsuðu á <b>skemmtununum</b> (þgf).
vél- <b>in</b>	vélar- <b>nar</b>	Það var bilun í <b>vélunum</b> (þgf).
ferð- <b>in</b>	ferðir- <b>nar</b>	Fyrirtækið lokaði vegna <b>ferðanna</b> (ef).
hk – eintala	hk – fleirtala	dæmi í falli
tæki- <b>ð</b>	tæki- <b>n</b>	Það er viðvörðun á <b>tækjunum</b> (þgf).
starf- <b>ið</b>	störf- <b>in</b>	Þau vinna í fjölbreyttum <b>störfum</b> (þgf).
lyf- <b>ið</b>	lyf- <b>in</b>	Hann þarf að taka <b>lyfin</b> (þf) alla ævi.
	föt- <b>in</b>	Hann var í <b>hlífðarfötunum</b> (þgf) allan daginn.
	gleraugu- <b>n</b>	Hún sá ekki vegna ónýtu <b>gleraugnanna</b> (ef).
	samskipti- <b>n</b>	Þau áttu góð <b>samskipti</b> (þf)

## Spurnarorð

**Til hvers** notar þú þennan hníf?  
**Til hvers** er þetta verkfæri?  
**Hvers vegna** þarf þvo þetta á 90°C?  
**Af hverju** misstir þú vinnuna?

**Til þess að** skera niður grænmeti.  
**Til að** skrífa skrífur!  
**Vegna þess að** annars drepast ekki bakteríurnar.  
**Af því að** ég hætti að mæta!  
**Þess vegna:**  
 Þau eiga fatlað barn, **þess vegna** geta þau ekki farið í fríið.

## Forsetningar

<b>yfir/fyrir/með/í/á +þf</b>	<b>yfir/fyrir/með/í/á +þgf</b>
Hún gekk <b>yfir götuna</b> á grænu ljósi. Settu hlífðarplast <b>yfir skóna</b> .	Hann sat <b>yfir henni</b> þegar hún lá á spítala. Ljósíð er <b>yfir tölvunni</b> . Soffía er <b>yfir 20 starfsmönnum</b> .
Hún hringdi <b>fyrir hana</b> . Veislan var <b>fyrir starfsfólkið</b> .	Skápurinn var <b>fyrir henni</b> . Ég kvíði <b>fyrir fundinum</b> .
Ég fór <b>með hann</b> til læknis. Þú þarft að vera <b>með hárnnet</b> .	Ég fór <b>með honum</b> í afmæli. Deildarstjórinn fór <b>með starfsfólkinu</b> í skemmtiferð.
Varahlutirnir fara <b>í gömlu tækin</b> . Ferð þú <b>í fyrirtækið</b> á morgun? Fyrirtækið setti viðvörðun <b>á vélina</b> .	Það er róandi efni <b>í lyfjunum</b> . Hvernig gekk fundurinn <b>í fyrirtækinu</b> ? Hann slökkti <b>á vélinni</b> og fór heim.
<b>við/um + þf</b>	<b>úr/hjá + þgf</b>
Hann sat lengi <b>við tölvuna</b> . Við áttum góð samskipti <b>við þá</b> . Þær hugsuðu <b>um viðtalið</b> .	Hún fer <b>úr hlífðarfötunum</b> í hádegishléinu. Komdu við <b>hjá yfirmanninum</b> þegar þú ert búinn!
	<b>til/auk + ef</b>
	Farðu <b>til hans</b> og biðdu um aðstoð. Öll deildin fer á fundinn <b>auk deildarstjórans</b> . <b>Auk starfa</b> hjá löggunni hennar hún töskur.

## Viðtengingarháttur 1 og 2

	<b>að ganga</b>	<b>að geta</b>	<b>að hafa</b>	<b>að verða</b>
	<b>v1/v2</b>	<b>v1/v2</b>	<b>v1/v2</b>	<b>v1/v2</b>
ég	gangi/gengi	geti/gæti	hafi/hefði	verði/yrði
þú	gangir/gengir	getir/gætir	hafir/hefðir	verðir/yrðir
hann/hún/það	gangi/gengi	geti/gæti	hafi/hefði	verði/yrði
við	göngum/gengum	getum/gætum	höfum/hefðum	verðum/yrðum
þið	gangið/genguð	getið/gætuð	hafið/hefðuð	verðið/yrðuð
þeir/þær/þau	gangi/gengu	geti/gætu	hafi/hefðu	verði/yrðu





orð	þýðing
að baktala	
að bera ábyrgð	
að dreifa	
að falla	
að framleiða	
að gefast upp	
að gera grín að einhverjum	
að hvetja	
að líka við	
að missa	
að mæla	
að rækta	
að rætast	
að segja upp	
að skipa (fyrir)	
að skipuleggja	
að slökkva (á)	
að þróa	
að öskra	
alþjóðlegur	
atvinnugrein	
áreitni	
árshátíð	
barneignafrí	
bókhald	

orð	þýðing
deild	
deildarstjóri	
dreifing	
drukinn	
fastráðning	
framkoma	
framleiðsla	
fullkominn	
fyrirtæki	
fæðingarorlof	
gervifótur	
hávaði	
hefðbundinn	
heyrnarhlífar	
hitastig	
hlífðarföt	
jafnrétti	
jákvæður	
kynning	
markmið	
mikilvægt	
mistök	
nefnd	
reynslutími	



orð	þýðing
réttindi	
samskipti	
samstarf	
skemmtiatriði	
skylda	
starfsmannafélag	
stofnun	
tæki	
tækni	
upptekinn	
uppstökkur	
útlímur	
vakt	
velgengni	
vél	
viðkvæmur	
vinnuafli	
þróun	
öryggisatriði	